

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 281/2014****2015/EES/71/28****frá 12. desember 2014****um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/286/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk viðmiðunarnet og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast evrópska viðmiðunarnetinu, verða að uppfylla ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk viðmiðunarnet og aðila að þeim og greiða fyrir skiptum á upplýsingum og sérþekkingu á því að koma slíkum netum á fót og meta þau ⁽²⁾.
- 3) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2b (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/329/ESB) í X. viðauka við EES-samninginn:

„2c. **32014 D 0286**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/286/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk viðmiðunarnet og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast evrópska viðmiðunarnetinu, verða að uppfylla (Stjtið. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 71).

2d. **32014 D 0287**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk viðmiðunarnet og aðila að þeim og greiða fyrir skiptum á upplýsingum og sérþekkingu á því að koma slíkum netum á fót og meta þau (Stjtið. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 79).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar ákvörðunar 2014/286/ESB og framkvæmdarákvörðunar 2014/287/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2014 frá 9. júlí 2014 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 71.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 79.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 15, 22.1.2014, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 22.1.2014, bls. 1.